

Skýrsla prófstjóra – 2012 haust og 2013 haust

2012 haust

Próftafla var samin af Þórarni Ingólfssyni, aðstoðarskólameistara. Prófatíminn var frá 3. desember til 14. desember. Undirbúningur fyrir prófin hófst fyrir alvöru 19. nóvember. Gögn fóru í stofurnar 2. desember. Lögð voru 2.544 próf fyrir nemendur fyrir utan sjúkrapróf. Fjöldi nemenda í prófum í einstökum greinum var mestur í stærðfræði (631 nemandi - í fjórum stokkum) - í stærsta stærðfræðistokknum voru 411 nemendur. Ljóst er að nemendur sleppa síst við próf í stærðfræði. Önnur fjölmennasta greinin var íslenska með heildarföldum 464 nemendur í þremur stokkum. Fæstir nemendur voru í prófum í framhaldsáföngunum í iðnteikningu – TEH203 (4 nem.) og TEH303 (9. nem.) og í RAM303 (5 nem.) og RTM202 (5 nem.).

19 próf voru lesin inn fyrir 13 nemendur. Hjólóðskrárnar voru settar í tölvur sem staðsettar voru í öllum tilfellum í stofu 208. 10 nemendur tóku próf á tölvu (23 próf) og 2 af þeim voru einnig með hjólóðskrá. Að venju hafði Helgi Hermannsson yfirumsjón með þessum málum og var aðstoð hans ómetanleg. 66 nemendur fóru fram á að taka prófin í fámenni, 2 í einmenni og einn nemandi tók munnlegt próf að hluta. Mikil aukning er í fámennisóskum (meira en tvöföldun frá því á vorönn 2012) – reyndist því nauðsynlegt að nota bæði stofu 208 og 212 fyrir séraðstæður en einnig þurfti tvær í viðbót í ensku þar sem mestur fjöldi nemenda bað um séraðstæður. Fjórir nemendur fóru fram á að taka prófin í heimabyggð.

Magn yfirsetu hjá kennurum var reiknað út frá kennslumagni á önninni. Flestir kennarar áttu að sitja yfir 4-5 sinnum. Ekki reyndist þörf á svo mörgum yfirsetum og flestir sluppu með 1-2 yfirsetum minna en kennslumagn sagði til um.

Sjúkraprófin gengu almennt vel fyrir sig – ekki var dagur á milli síðasta prófs og sjúkraprófa sem setti aukinn þrýsting á skipulagið. Kennarar áttu að skila prófum á Skúlaskeið fyrir kl. 13:00 fimmtudaginn 13. des., daginn fyrir sjúkraprófsdag. Flest prófanna voru komin þangað á réttum tíma. Þann 14. des. kl. 8:30 hófust sjúkraprófin, nema sjúkrapróf stafsetningu (ÍSL103 og 202) sem byrjaði kl. 11:00. 76 nemendur tóku sjúkrapróf, flestir tóku eitt próf, en 9 nemendur tóku tvö, í flestum tilfellum hvort á eftir öðru, nema þar sem um sjúkrapróf í stafsetningu (1 nem.) var að ræða. 8 nemendur fengu að fara í sjúkrapróf vegna prófklemmu. Fjórir nemendur fóru í endurtektarpróf mánudaginn 17. des. kl. 8:30.

Prófstjóri dreifði sjúkraprófunum í stofurnar að morgni sjúkraprófsdags – daginn áður hafði þeim verið raðað samkvæmt stofumiðum. Stofumiðar vor líka hengdir upp og settir í stofurnar daginn fyrir sjúkrapróf.

Próf voru send í 9 grunnskóla á Suðurlandi vegna nemenda sem stunda nám í framhaldsskólaáföngum í þessum skólum. Nemendurnir voru 48 í eftirtöldum skólum: Barnaskólanum á Eyrarbakka og Stokkseyri, Flóaskóla, Grunnskóla Bláskógabyggðar, Grunnskólanum í Hveragerði, Grunnskólanum í Þorlákshöfn, Hvolsskóla, Laugalandsskóla, Sunnulækjarskóla og Vallaskóla. Flestir nemendurnir voru í einum áfanga, 13 nemendur voru í tveimur og einn í þremur. Var því farið yfir 63 próf. Fjöldi nemenda í hverjum áfanga skiptist á eftirfarandi hátt:

Áfangi:	Fjöldi nemenda:
DAN103	24
ENS103	28
ENS203	1
SPÆ103	1
SPÆ403	1
STÆ103	6
STÆ203	2

Einn grunnskólanemi tók sjúkrapróf vegna veikinda.

2012 vor

Eins og áður var próftaflan samin af Þórnari Ingólfssyni, aðstoðarskólameistara. Prófatíminn var frá 2. til 16. maí. Undirbúningur fyrir prófin hófst 19. apríl. Gögnin fóru í stofurnar miðvikudaginn 1. maí og prófin hófust kl. 8:30 þann 2. maí. Lögð voru 2.325 próf fyrir nemendur fyrir utan sjúkrapróf. Að vanda var fjöldi nemenda í prófum mestur í stærðfræði (543 nemendur í þremur stokkum) og íslensku (480 nemendur í tveimur stokkum). Fæstir voru nemendur í RTM302 (5 nem.) og í öllum TEH áföngunum (7 nem. í hverjum þeirra).

12 próf voru lesin inn fyrir 7 nemendur. Að vanda voru hljóðskrárnar settar í tölvur sem staðsettar voru í stofu 208. 7 nemendur tóku próf á tölvu og einn af þeim var líka með hljóðskrá. Einn nemandi, sem var fingurbrotinn, þurfti tölvu og sérstakan yfirseta. Aftur er Helga Hermannssyni þakkað fyrir ómetanlega aðstoð. 54 nemendur fóru fram á að taka prófin í fámenni. Mikil aukning var í óskum um einmenni eða 4 nemendur í 13 prófum. Í þessum tilfellum er nemandi einn í stofu með yfirseta. Einn nemandi tók munnlegt próf að hluta. 5 nemendur tóku próf í heimabyggð og einn af þeim þrjú sama daginn!

Sami máti var hafður á að ákvarða fjölda yfirseta hjá kennurum og áður. Samkvæmt því hefðu flestir kennarar átt að sitja yfir 4-5 sinnum. Ekki reyndist þörf á svo mörgum yfirsetum og flestir sluppu með einni yfirsetu minna en kennslumagn sagði til um.

Sjúkraprófin gengu vel. Rétt eintök prófa áttu að vera komin á Skúlaskeið fyrir kl. 13:00, miðvikudaginn 15. maí. Prófin hófust síðan kl. 8:30 þann 16. maí, sem setti alla skipulagningu í kringum þau í mjög þröngar skorður. Öll voru þau komin á Skúlaskeið á réttum tíma. 64 nemendur tóku sjúkrapróf, flestir tóku eitt próf, en 10 nemendur tóku tvö. Nauðsynlegt reyndist að hafa sjúkrapróf í stofu 208 (séradstæður – fámenni/tölva) – einn nemandi (fingurbrotinn) var þar einn í stofu með sérstakan yfirseta. 7 nemendur fengu að fara í sjúkrapróf vegna prófklemmu. Flestir þeirra, sem áttu að vera í tveimur prófum á sama tíma, tóku þau hvort á eftir öðru. 3 nemendur fóru í endurtektarpróf á sjúkraprófsdag og einn af okkar nemendum tók endurtektarpróf úr fjarnámsáfangi í Versló þriðjudaginn 22. maí.

Eins og áður dreifði prófstjóri sjúkraprófunum í stofurnar að morgni sjúkraprófsdags. Stofumiðar höfðu verið hengdir upp og settir í stofurnar daginn áður.

Próf voru send í 8 grunnskóla á Suðurlandi. Í þetta sinn voru nemendurnir 34 í eftirtöldum skólum: Barnaskólanum á Eyrarbakka og Stokkseyri, Bláskógaskóla, Flóaskóla, Grunnskólanum í Hveragerði, Grunnskólanum í Þorlákshöfn, Hvolsskóla, Laugalandsskóla og Sunnulækjarskóla. Flestir nemendurnir voru í einum áfanga, en 9 nemendur voru í tveimur. Var því farið yfir 43 próf. Fjöldi nemenda í hverjum áfanga skiptist á eftirfarandi hátt:

Áfangi:	Fjöldi nemenda:
DAN103	2
DAN203	20
ENS203	14
SPÆ203	1
STÆ103	1
STÆ203	5

Einn grunnskólanemi tók sjúkrapróf vegna veikinda.

Selfossi, 11. júní 2013

Ragnheiður Ísaksdóttir

12.6.2013
09:07:05